

Hverfisráð Hríseyjar

80. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar var boðað til fundar með fulltrúum Heilsugæslu Dalvíkur miðvikudaginn 14. maí 2014 kl. 10.00 á Dalvík.

Á fundinn mættu: Fyrir hönd HGD Konráð K. Baldvinsson forstjóri, Guðmundur Pálsson framkv.stj.lækninga og Lilja Vilhjálmsdóttir framkv.stj.hjúkrunar og Anton Már Steinarsson og Linda María Ásgeirsdóttir frá hverfisráði Hríseyjar.

Dagskrá:

Málefni Heilsugæslunnar í Hrísey.

1. Farið yfir stöðu mála í dag. Lilja fór yfir heimsóknir til Hríseyjar í vetur og vor og þau verkefni sem hún hefur sinnt. Rætt var um að byrja á því í haust að Guðmundur og Lilja fundi með félagi eldri borgara í Hrísey og kynni þá þjónustu sem heilsugæslan býður upp á. Guðmundur fór yfir það hvernig heimsóknir lækna hafa verið frá því hann kom til starfa hjá HGD og hvernig þróunin hefði verið sem síðan lauk á tíma niðurskurðar þ.e.skipulagðar ferðir lækna eða hjúkrunarfræðinga. Guðmundur ítrekaði að öllum neyðartilfellum hefði verið sinnt og eyjabúar fengið þá heilbrigðisþjónustu sem hægt væri að veit hverju sinni.
2. Einnig var rætt um það óhagræði sem hlýst af því að ekki eru lengur geymd lyf í eyjunni og möguleika á að handkaupalyf fáist í Hrísey. Spurning hvort hægt sé að bæta úr því á einhvern hátt.
3. Rætt var um sjúkraflutninga frá Hrísey og afhenti Anton yfirlýsingu fyrir hönd áhafnar á Hríseyjarferjunni Sævari og Björgunarsveitarinnar í Hrísey þess efnis að þessir aðilar munu hætta að sinna útköllum vegna sjúkraflutninga frá 1. júlí næstkomandi hafi samningar um útköll/sjúkraflutninga ekki tekist fyrir þann tíma. Árangurslausar tilraunir síðustu ára til að koma þessum málum á hreint hafa ekki borið árangur og er mönnum nú nóg boðið.

Fundi slitið kl. 11.30

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur